

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, kt. 540199-3539, í samningi þessum nefnd Símenntunarmiðstöðin, gera með sér svofelldan samning:

### **1. Markmið og starfsemi**

Meginmarkmið með sámningi þessum eru að Símenntunarmiðstöðin mun:

- 1.1 Vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi, meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.
- 1.2 Vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á frámhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Miðað er við að minnst 75% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu.

### **2. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 2.1 Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 21,7 m.kr. árið 2011 og 21,9 m.kr. skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015.
- 2.2 Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Það mun beita sér fyrir því að árlegt framlag til samningsins verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Símenntunarmiðstöðin standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Símenntunarmiðstöðin ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum bótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3 Verði gerð umtalsverð breyting á fjárvéitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárvéitingu.
- 2.4 Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5 Símenntunarmiðstöðin starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 19. febrúar 1999.
- 2.6 Símenntunarmiðstöðin starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á; eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.7 Forsenda framlags til verkefna á sviði framhaldsfræðslu er að Símenntunarmiðstöðin hafi viðurkenningu sem fræðsluaðili skv. 7. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

### **3. Ábyrgð Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi**

- 3.1 Símenntunarmiðstöðin ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Símenntunarmiðstöðin skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2 Símenntunarmiðstöðin ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3 Símenntunarmiðstöðinni er óheimilt að:
  - 3.3.1 Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2 Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### **4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála**

- 4.1 Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:
  - 4.1.1 Í tólf jöfnum hlutum og skal greitt fyrsta virka dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Símenntunarmiðstöðvarinnar.
- 4.2 Símenntunarmiðstöðin skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1 Áætlun um rekstur og breytingar á efnahag ásamt starfsáætlun þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem *slus Endurskoðeðjan* unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
  - 4.2.2 Ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert. Jafnframt skulu ársreikningur og ársskýrla send Ríkisendurskoðun.
  - 4.2.3 Samningsaðilar munu á samningstímanum samræma framsetningu upplýsinga um rekstur, sbr. framangreinda liði 4.2.1. og 4.2.2.
- 4.3 Eigi Símenntunarmiðstöðin í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

### **5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna**

- 5.1 Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2 Fulltrúar ráðuneytis og Símenntunarmiðstöðvarinnar halda að lágmarki einn fund árlega um samninginn.
- 5.3 Fyrir lok júní ár hvert skilar Símenntunarmiðstöðin ráðuneytinu ársskýrslu þar sem m.a. er fjallað um framkvæmd samningsins og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4 Símenntunarmiðstöðin skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5 Símenntunarmiðstöðin veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það telur sig þurfa vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstökum þáttum í framkvæmd samningsins. Í því skyni afhendir Símenntunarmiðstöðin ráðuneytinu þau gögn og veitir upplýsingar sem máli skipta vegna úttektarinnar, s.s. afrit af

fundargerðum stjórnar, útprentun eða samantekt úr bókhaldi og afrit af öðrum gögnum sem sannarlega eru nauðsynleg vegna úttektar og eftirlits ráðuneytisins. Gæta skal trúnaðar um upplýsingar sem leynt eiga að fara skv. lögum eða eðli mál, s.s. persónulegar upplýsingar um viðskiptavini Símenntunarmiðstöðvarinnar.

5.6 Samning þennan, ársreikning Símenntunarmiðstöðvarinnar, ársreikning og úttektarskýrslur skal birta á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

5.7 Símenntunarmiðstöðin setur á vefsíðu sína ýmis gögn svo sem skýrslur, leiðbeiningar og niðurstöður úr tilrauna- og þróunarverkefnum sem unnin hafa verið á hennar vegum.

## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1 Símenntunarmiðstöðin tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hún telur vafa leika á um að hún geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir Símenntunarmiðstöðin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.

6.2 Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Símenntunarmiðstöðin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

## 7. Gildistími og lok samnings

7.1 Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018.

7.2 Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

7.3 Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.

7.4 Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

7.5 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 18. desember 2014



Hellen N. Gunnarsdóttir

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ingjerd Þorðardóttir

F.h. Símenntunarmiðstöðvar á  
Vesturlandi